

Ríkisábyrgðir 2007

Ríkisábyrgðir, 2. ársfjórðungur 2007

Heildarstaða ríkisábyrgða á lánum í lok annars ársfjórðungs 2007 var tæplega 755 ma.kr. og hafði hækkað um tæplega 35,6 ma.kr. frá áramótum. Af heildartölu lána með ríkisábyrgð eru tæplega 140 ma.kr. eða 17% í erlendum gjaldmiðlum. Hækkun ríkisábyrgða það sem af er árinu stafar að mestu leiti af auknum ábyrgðum vegna Íbúðalánasjóðs og Landsvirkjunar en gengisbreyting hefur á móti talsverð áhrif til lækkunar.

Nýjar ríkisábyrgðir á öðrum ársfjórðungi 2007 námu um 33,4 ma.kr. og voru vegna lántöku Íbúðalánasjóðs um 15 ma.kr. og Landsvirkjunar að upphæð um 18,4 ma.kr.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu er stærstur hluti ríkisábyrgða á lánum vegna C-hluta ríkissjóðs, rúmlega 623 ma.kr. eða tæplega 83%. Þar er stærstur Íbúðalánasjóður með tæplega 613 ma.kr. eða um 81% af heildinni, en öll útgefin HFF-bréf, húsbref og húsnæðisbréf eru með ríkisábyrgð.

Ábyrgðir vegna ríkisfyrirtækja í B-hluta ríkissjóðs námu tæplega 7,6 ma.kr.

Ábyrgðir vegna sameignar- og hlutafélaga í E-hluta ríkissjóðs námu rúmlega 96,4 ma.kr. í lok ársfjórðungsins og ríkisábyrgðir vegna sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra námu 150 m.kr. Ábyrgðir vegna sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra eru á lánum vegna hitaveituframkvæmda. Ábyrgðir sem falla undir skilgreininguna "Annað" námu tæplega 27,4 ma.kr. en í þeim flokki eru m.a. ábyrgðir vegna eldri lána til lánasjóða, fyrirtækja og viðskiptabanka sem áður voru í eigu ríkisins en hafa nú verið einkavædd, sem og ábyrgðir til annarra einkafyrirtækja.

Aukningu á ríkisábyrgðum undanfarin ár má að mestu rekja til aukningar á lánum Íbúðalánasjóðs sem fellur undir C-hluta ríkissjóðs en hlutfall Íbúðalánasjóðs af heildartölu ríkisábyrgða hefur hækkað úr 64% árið 1997 í um 81% við lok þessa ársfjórðungs.

Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) námu ríkisábyrgðir um 62% við lok annars ársfjórðungs 2007 miðað við spá Seðlabankans um VLF á árinu. Þetta hlutfall var 70% árið 2004 en 38% árið 1997. Ríkisábyrgðir á lánum sem hlutfall af heildarskuldum ríkissjóðs námu 268% af heildarskuldum nú í lok annars ársfjórðungs 2007. Hæst fór þetta hlutfall í 345% um mitt ár 2006 en lægst var það 83% árið 1997.